

## Starfsreglur endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs Rangæinga

### 1. gr. MARKMIÐ

Markmið endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs Rangæinga er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og er skipuð af henni í samræmi við IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

### 2. gr. NEFNDARMENN

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð að minnsta kosti þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skal hann tilnefndur af aðalfundi. Formaður nefndarinnar skal vera óháður sjóðnum og skipaður af nefndarmönnum eða stjórn. Nefndin skal starfa fram að næsta aðalfundi sjóðsins. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum lífeyrissjóðsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skal ekki eiga sæti í endurskoðunarnefnd og komi til þess að formaður stjórnar sitji í nefndinni skal hann ekki gegna embætti formanns nefndarinnar, enda skulu framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og formaður endurskoðunarnefndar vera þrír mismunandi einstaklingar. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmaður hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.

Allir nefndarmenn skulu fá eintak af starfsreglum þessum ásamt kynningu á sjóðnum er þeir taka sæti í nefndinni í fyrsta sinn. Þeim skal jafnframt gerð aðgengileg gögn sem teljast nauðsynleg nefndarmönnum í starfi sínu, í skriflegri eða rafrænni útgáfu.

### 3. gr. HEIMILDIR

Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan lífeyrissjóðsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum og í samræmi við þær reglur sem gilda um upplýsingaöflun stjórnar.

Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, ytri og innri endurskoðendum, stjórnendum og þeim starfsmönnum sem hafa fengið það hlutverk að aðstoða endurskoðunarnefnd í verkefnum hennar. Hún getur óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá þeim sem nauðsynlegar eru til að nefndin geti sinnt starfi sínu.

Framkvæmdastjóri skal fara yfir og skýra starfsemi sjóðsins á fundum nefndarinnar að hennar ósk. Framkvæmdastjóri skal vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir. Endurskoðunarnefnd hefur heimild stjórnar til að leita sér ráðgjafar utanaðkomandi sérfræðinga eins og hún telur nauðsynlega til að geta uppfyllt þessar skyldur sínar.

### 4. gr. ÁBYRGÐ

Endurskoðunarnefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar lífeyrissjóðsins, stjórnenda hans og ytri og innri endurskoðenda hans í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti. Nefndin skal jafnframt aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og

hlutlægur aðili og inna af hendi störf samkvæmt 7. gr. þessara reglna og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings.

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings.

#### **5. gr.**

##### **HÆFI**

Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla við mál eða aðila. Um sérstakt hæfi nefndarmanna skal fara að stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, II. kafla, sbr. 10.1 gr. starfsreglna stjórnar sjóðsins. Nefndarmaður skal almennt sjálfur meta hæfi sitt og upplýsa aðra nefndarmenn um það. Ef vafi leikur á hæfi skulu aðrir nefndarmenn taka endanlega afstöðu til hæfis.

#### **6. gr.**

##### **FUNDIR**

Endurskoðunarnefnd skal hittast að lágmarki fjórum sinnum á starfsári. Nefndin má bjóða hverjum þeim starfsmanni er kemur að rekstri sjóðsins og henni finnst við eiga að sitja fundi nefndarinnar. Að lágmarki árlega skal nefndin hitta innri og ytri endurskoðendur án þess að stjórnendur séu viðstaddir og síðan eftir því sem þurfa þykir. Endurskoðendur ytri eða innri eða endurskoðunarfyrirtæki skulu gera árlega endurskoðunaráætlanir sem skilað er til nefndarinnar. Þá skulu endurskoðendur, minnst einu sinni á ári, gera skriflega grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar.

Dagskrá funda skal vera undirbúin og afhent fyrir fram til nefndarmanna. Heimilt er að halda fundi nefndarinnar með rafrænum hætti. Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af fundarmönnum og afrit afhent nefndarmönnum og stjórn. Heimilt er að undirrita fundargerðir með rafrænni undirskrift, útbúinni með rafrænum skilríkjum. Fundargerðir skulu varðveittar í númeraröð. Á fyrsta fundi ársins skal endurskoðunarnefnd setja sér starfsáætlun fyrir starf endurskoðunarnefndar innan ársins sem tryggir að allir þættir sem nefndinni ber að sinna sé sinnt, sbr. 7. gr. þessara reglna.

#### **7. gr.**

##### **VERKEFNI**

Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli lífeyrissjóðsins, áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga. Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins og störfum ytri og innri endurskoðenda eins og nánar er tilgreint hér á eftir og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga:

##### **1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.**

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir reikningsskil og helstu álitæfni í reikningsskilum með viðeigandi stjórnendum lífeyrissjóðsins við gerð ársreiknings og árshlutareikninga áður en stjórn samþykkir reikningana.

Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með að skýrslugjöf til opinberra aðila (m.a. til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands) sé með tryggum hætti og eftir atvikum veita ráðleggingar eða leggja fram tillögur að umbótum við ferlið til að tryggja gæði reikningsskilanna, þ.m.t. heilindi upplýsinga í skýrslu stjórnar.

## **2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.**

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn lífeyrissjóðsins tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að lífeyrissjóðurinn hafi innleitt innra eftirlit sem tekur á áhættumati í starfsemi og að þessir innri eftirlitsþættir virki á áhrifaríkan hátt. Nefndin yfirfer með stjórnendum lífeyrissjóðsins, innri endurskoðendum og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring sé nægjanleg hverju sinni.

Nefndin fer yfir að innri endurskoðun hafi hæfilegt umfang til að sinna innri endurskoðuninni vel. Hún fer yfir innri endurskoðunaráætlun og niðurstöður innri endurskoðunar ársins. Nefndin tryggir ennfremur að ekki séu til staðar takmarkanir sem hamla störfum innri endurskoðanda.

Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem koma til hennar vitundar, þar sem grunur er um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða þar sem innra eftirlit hefur brugðist.

## **3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.**

Endurskoðunarnefnd skal hitta endurskoðendur lífeyrissjóðsins og fara yfir umfang endurskoðunarinnar og endurskoðunaráætlun.

Endurskoðunarnefnd skal hitta endurskoðendur lífeyrissjóðsins og fara yfir helstu niðurstöður endurskoðunarvinnunnar. Endurskoðunarnefnd skal fá til yfirferðar skýrslur um endurskoðunarvinnuna og endurskoðunarskýrslu. Í skýrslunni skulu koma fram mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina og sérstaklega gerð grein fyrir veikleikum í innra eftirliti við gerð reikningsskila, sbr. 108. gr. d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

## **4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.**

Endurskoðunarnefnd fer yfir að ákvæðum laga nr. 94/2019 um endurskoðun sé fylgt, m.a. að endurskoðandi lífeyrissjóðsins taki sér hlé frá endurskoðun hans í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið og að endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.

Endurskoðunarnefnd skal móttaka skriflega staðfestingu endurskoðanda árlega að hann sé óháður lífeyrissjóðnum. Nefndin skal ennfremur afla upplýsinga um aðra þjónustu sem endurskoðandinn veitir lífeyrissjóðnum og leggja mat á hvort sú þjónusta sé ógnun við óhæði hans. Nefndin skal athuga hvort endurskoðunarfyrtækið birti árlega á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi, sbr. 29. gr. laga nr. 79/2008.

## **5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.**

Endurskoðunarnefnd skal setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

## **6. Skýrslugjöf endurskoðunarnefndar**

Endurskoðunarnefnd skal að lágmarki árlega gefa skýrslu til stjórnar um störf og niðurstöður verkefna nefndarinnar á árinu. Í skýrslum til stjórnar skal koma fram samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn. Þá skal koma fram mat nefndarinnar á vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits, mat á innri endurskoðun og áhættustýringu. Einnig skal koma fram mat á óhæði endurskoðanda/endurskoðunarfyrtækis ásamt mati á endurskoðun ársreiknings. Nefndin ber ábyrgð á að upplýsa stjórn um hver þau mál sem geta haft veruleg áhrif á starfsemi eða afkomu sjóðsins.

**8.gr.****TRÚNAÐAR- OG ÞAGNARSKYLDA**

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar málefni lífeyrissjóðsins, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Nefndarmönnum er óheimilt að nýta þær upplýsingar og þau gögn sem þeir fá vegna starfa sinna fyrir lífeyrissjóðinn í öðrum störfum sínum ótengdum lífeyrissjóðnum.

**9.gr.****ÖNNUR MÁL**

Nefndin skal á hverju ári fara yfir starfsreglur sínar, leggja mat á störf sín og ræða þörf á breytingum við stjórn sjóðsins. Endurskoðunarnefnd leggur til við stjórn viðeigandi breytingar eða aukningu á verkefnum og hlutverki nefndarinnar. Nefndin ber ábyrgð á að starfsreglur hennar, eins og þær eru á hverjum tíma, hafi verið ræddar og samþykktar af stjórn sjóðsins. Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða lífeyrissjóðinn.

Endurskoðendaráð hefur eftirlit með störfum endurskoðunarnefndar til samræmis við ákvæði 108 gr. laga nr. 3 um ársreikninga.

Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu Lífeyrissjóðs Rangæinga.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs Rangæinga eru samþykktar á stjórnarfundi sjóðsins þann 14. maí 2024 og taka þær þegar gildi.

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað með fullgildri rafrænni undirritun.  
Rafræn undirritun skjalsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga

Heimir Hafsteinsson  
Guðmundur Svavarsson  
Margrét Jóna Ísólfsdóttir  
Ólafía B. Ásbjörnsdóttir